




1964: Loftleiðir á flugi

Tveimur árum eftir að Flugfélagið fékk skráfuþoturnar tóku Loftleiðamenn næsta skref í endurnýjun flugflotans með kaupum á Cloudmaster DC-6B, en alls eignaðist félagið fimm slíkar vélar. Árið 1964 keypti félagið síðan tvær Canadair CL-44 flugvélar sem nefndar voru Rolls Royce 400 eftir hreyflunum. Þetta þótti viturlegt þar sem vélarnar voru framleiddar sem fraktflugvélar og aðeins þekktar sem slíkar.



Í daglegu tali voru vélarnar þó yfirleitt kallaðar „monsarnir“, enda voru þær mun stærri en þær flugvélar sem fram að því höfðu verið í ferðum fyrir Íslendinga. Þær tóku 160 farþega og með því að lengja þær gátu þær flutt 189 farþega. Á næstu árum eignuðust Loftleiðir fjórar slíkar flugvélar og reyndust þær Loftleiðum heilladrjúgar. Monsarnir voru í ferðum fyrir Loftleiðir allt til ársins 1971..

1969: Hjálparflug

Íslenskar flugvélar komu að góðum notum þegar stríð geysaði í Biafra á árunum 1967-1970. Stríðið leiddi miklar hörmungar yfir íbúana og reyndi Hjálparstofnun norræna kirkjusambandsins að koma sveltandi fólki til hjálpar með því að flytja þangað matvæli.

Til flutninganna voru notaðar tvær DC-6B flugvélar Loftleiða. Árið 1969 tók hlutafélagið Flughjálpið við þessu starfi. Félagið var að hluta til í eigu Íslendinga og áttu Loftleiðir þar 20% hlut. Fjöldi íslenskra flugmanna kom að Biafrafluginu, þar á meðal var Þorsteinn E. Jónsson sem stjórnaði fluginu síðustu sextán mánuði stríðsins.